

---

*Skógarvörðurinn á Norðurlandi  
Starfsskýrsla fyrir árið 2014*



*Grisjun með grisjunarvél í Vaglaskógi sumarið 2014*

*Rúnar Ísleifsson*

## Efnisyfirlit

1. Veðurfar ársins .....	2
2. Vöxtur og þrif trjágróðurs .....	2
2.1. Laufgun og lauffall.....	2
2.2. Vöxtur.....	2
2.3. Fræfall og fræsöfnun. ....	2
2.4. Skaðar.....	3
3. Fræhús og fræsala.....	4
3.1 Fræhús .....	4
3.2 Fræsala .....	4
4. Starfsfólk .....	4
5. Girðingar .....	5
6. Skógarhögg.....	5
6.1. Grisjun.....	5
7. Sala afurða.....	7
7.1 Sala girðingarstaura.....	7
7.2 Viðarsala.....	7
7.3 Jólatré .....	7
7.4 Önnur sala .....	8
8. Nýframkvæmdir .....	8
9. Gróðursetning.....	8
10. Byggingar .....	9
11. Vélar og verkfæri .....	9
12. Ýmislegt .....	9
12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir.....	9
12.2. Ferðafólk .....	10
12.3. Annað .....	10

## 1. Veðurfar ársins

Árið var mjög hlýtt, á bilinu 1,5 til 2,6 stigum yfir meðallagi áráanna 1961 til 1990. Á Akureyri mældist meðalhitinn 5,3 stig, 2,1 stigi yfir meðallagi áráanna 1961 til 1990 og 1,0 stigi ofan meðallags síðustu tíu ára. Sérstaklega var júnímánuður hlýr og reyndist þetta vera næsthlýjasta ár á Akureyri frá upphafi samfelldra mælinga árið 1881, hlýrra var 1933.

Úrkoman var sérlega mikil norðaustan- og austanlands, á Akureyri mældist hún 743,7 mm, eða 50 prósentum umfram meðallag. Árið var það úrkomumesta frá upphafi mælinga 1928 (úrkoman var þó aðeins fáum mm minni árið 1989). Í Vaglaskógi reyndist ársúrkoman vera um 1.075 mm sem er mesta ársúrkoma frá upphafi mælinga árið 1962.

Veturinn 2013 til 2014 var óvenju snjóþungur og mæld snjódýpt var um 0,9 metrar í byrjun janúar og varð mest um 1,5 metrar um miðjan mars. Um miðjan maí var snjódýpt um 0,5 metrar og snjór var ekki endanlega horfinn úr skóginum fyrr en í júní. Haustið reyndist snjólétt og ekki var kominn verulegur snjór fyrr en um miðjan desember en í lok desember mældist snjódýpt um 1 metri.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs

### 2.1. Laufgun og lauffall

Ekki skráð

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur reyndist vera með mesta móti í ár og sérstaklega var áberandi góður vöxtur birkis.

### 2.3. Fræfall og fræsöfnun.

Tölvvert fræ var á birki og stafafuru. Eingöngu var safnað fræi af stafafuru á Vöglum á Þelamörk í samvinnu við starfsfólk Norðurlandsskóga. Samtals var safnað um 150 kg af könglum sem gáfu um 892 grömm af fræi. Í meðfylgjandi töflu sést yfirlit yfir stafafurufrae sem safnað var á landsvísu.

Tegund	Kvæmi	Staðsetning	Magn í gr.
Stafafura	Höfði (Skagway)	Fljótsdalshérað	885
Stafafura	Vagllir Þelamörk (Skagway)	Eyjafjörður	707
Stafafura	Strönd (Tutshi Lake)	Fljótsdalshérað	188
Stafafura	Hafursá (Bennett Lake)	Fljótsdalshérað	37
Stafafura	Höfði (Taraldsöy)	Fljótsdalshérað	220
Stafafura	Vagllir Þelamörk (Tutshi Lake)	Eyjafjörður	710
Stafafura	Stangarás (Tutshi Lake)	Fljótsdalshérað	260
Stafafura	Hafursá (Bennett Lake)	Fljótsdalshérað	640
Stafafura	Hafursá (Bennett Lake)	Fljótsdalshérað	1.000
Stafafura	Höfði (Skagway)	Fljótsdalshérað	730
Stafafura	Bugar Ölfusi (Skagway/Taraldsöy)	Ölfus	376
Stafafura	Strönd (Taraldsöy)	Fljótsdalshérað	175

Samtals: 5.928

## 2.4. Skaðar

Skaðar voru víða í skógi eftir snjóþungan vetur sem gekk snemma í garð. Mikið var um bleytusnjó sem oft fer illa með trjágróður, bæði sligar og brýtur. Áberandi var hversu birkið var víða illa farið.

Einnig var mikið um snjóflóð í innanverðum Fnjóskadal á svæðum Skógræktar ríkisins í Þórðarstaðaskógi, Belgsá og Bakkaseli. Er það álit skógarvarðar að þau hafi verið óvenju mikil þetta árið. Ekki var eingöngu eins og oft áður um að ræða snjóflóð úr giljum heldur einnig á svæðum milli gilja. Þegar snjóa leysti í byrjun júní var oft erfitt að átta sig á hvar flóð höfðu farið og hvar ekki. Vegsummerkin sáust hinsvegar þegar gengið var upp í hlíðarnar, þá voru elstu trén oft brotin en lítið sem ekkert sást á yngri og lágvaxnari trjám.

Stórt og öflugt snjóflóð féll á stafafurureit í Þórðarstaðaskógi þann 20. eða 21 mars í kjölfar stórhriðar. Það fór yfir kvæmatilraun með fjórum kvæmum, þ.e. Bennett Lake, Canmore S., Upper Lake Creek og Carcross. Um 2/3 hlutar reitsins þurrkuðust út. Var viðurinn hreinsaður burt með grisjunarvél þá um sumarið og mestmegnis seldur í Elkem á Grundartanga. Það er mikil eftirsjá að þessum reit og þá ekki eingöngu vegna þess að þetta var tilraun heldur var þetta líka einn glæsilegasti stafafurureitur landsins hvað varðar vöxt og vaxtarform.

Einnig má nefna að snjóflóð(flekaflóð) féll niður að sumarhúsi starfsmannafélags Vegagerðarinnar. Náði flóðið alveg niður að sólpalli og bakhýsi sem stendur við húsið.

Annars virtist trjágróður almennt séð vera heilbrigður í skóglendum S.r. á Norðurlandi þetta árið og aðrir skaðar ekki áberandi.



Valgeir Davíðsson á snjóflóðasvæðinu í Þórðarstaðaskógi

### 3. Fræhús og fræsala

#### 3.1 Fræhús

Úr fræhúsinu var engu lerkifræi safnað sem nýtanlegt var. Hinsvegar var safnað um 2,4 kg af birkifræi (kvæmi: Vaglahús fv. Bæjarstaður). Umsjón, umhirða og viðhald á fræhúsinu hvíldi að langmestu leyti á herðum Guðna Þorsteins Arnþórssonar eins og fyrri ár. Áætla má að vinna við umhirðu, eftirlit og viðhald á og í fræhúsi sé sem nemur um 1/3 úr ársverki og þá er hreinsun og umsýsla á fræi ekki meðtalin.

#### 3.2 Fræsala

Á síðastliðnu ári var eftirfarandi magn af fræi selt frá fræmiðstöðinni á Vöglum. Sjá meðfylgjandi töflu.

Tegund	Magn í gr.	Söluandvirði án vsk.
Lerki, Hrymur	2.425	759.235 kr.
Sitkagreni	640	69.545 kr.
Dvergfura	70	5.180 kr.
Fjallafura	60	3.840 kr.
Sitkaelri	20	7.380 kr.
Fjallapínur	500	40.000 kr.
Birki	60	4.020 kr.
Broddfura	28	6.328 kr.
Reyniviður	300	140.400 kr.
Blæölur	19	95 kr.
Stafafura	570	87.210 kr.
Vörtubirki		142.367 kr.
Rauðgreni	20	240 kr.
Askur	20	420 kr.
Garðahlynur	20	340 kr.
Samtals:	<b>4.752</b>	<b>1.266.600 kr.</b>

### 4. Starfsfólk

Starfsfólk var þetta á árinu. Guðni Þ. Arnþórsson, aðstoðarskógarvörður og verkstjóri. Guðrún Jónsdóttir vann við viðarvinnslu, frærækt og afgreiðslu á plöntum fyrir NLS. Teitur Davíðsson og Valgeir Davíðsson unnu við skógarhögg og viðarvinnslu ásamt ýmsu fleiru. Sumarfólk var Erna Sigrún Valgeirsdóttir og Guðmundur Óli Gunnarsson sem unnu á útivistarsvæði ásamt Gunnhildi Arnþórsdóttur sem var í hlutastarfi. Aron Freyr Ólason, Erlingur Viðarsson og Einar Ingi Hermannsson unnu við skógarhögg, viðarvinnslu og fleira. Einnig sá Valgerður Jónsdóttir um að halda utan um fræmál fræmiðstöðvarinnar í hlutastarfi.

Þann 31. mars létu Sigurður Skúlason og Margrét Guðmundsdóttir af störfum hjá Skógrækt ríkisins á Vöglum eftir áratuga starf. Sigurður var skógarvörður á Vöglum frá 1987 til ársins í ár eða samtals í 27 ár. Vill undirritaður hér með nota tækifærið og þakka þeim fyrir langt og farsælt starf á Vöglum. Undirritaður tók síðan við starfi skógarvarðar þann 1. apríl.

## 5. Girðingar

Viðhald girðinga var töluvert þetta árið eftir langan snjóavetur en þó minna en búast mátti við. Munar þar mestu að girðingin um Þórðarstaðaskóg, Belgsá og Lundsskóg er rafgirðing sem leyst er niður á haustin. Um viðhald girðinga á Sigríðarstöðum, Melum og Skuggabjörgum auk hluta girðinga á Belgsá, Grund, Kristnesi og Vöglum á Þelamörk sá starfsfólk Skógræktar ríkisins á Vöglum. Verktakar sáu um viðhald á eftirtöldum girðingum: Á Vöglum vann Teitur Davíðsson verkið og á Þórðarstöðum og Belgsá sá Valgeir Davíðsson um viðhald og að taka niður girðingu fyrir veturinn. Á Gilá í Vatnsdal sá Ingbór J. Kristmundsson um viðhald. Víða er orðið nauðsynlegt að gera átak í að hreinsa birkikjarr frá girðingum svo sem í Sigríðarstaða- og Þórðarstaðaskógi. Einnig gæti þurft að fara að huga að endurnýjun á elsta hluta girðingarinnar í Melaskógi.

Verktakar höfðu umsjón með smölun á eftirtöldum svæðum: í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og á Belgsá sá Valgeir Davíðsson um smölun. Ármann Olgeirsson sá um Mela- og Skuggabjargagirðinguna og Hermann Herbertsson um Sigríðarstaðaskóg. Engar nýjar girðingar voru settar upp á árinu.

## 6. Skógarhögg

### 6.1. Grisjun

Unnið var við grisjun og skógarhögg í Vaglaskógi, á Vöglum á Þelamörk, í Þórðarstaðaskógi og Kristnesi í Eyjafjarðarsveit. Grisjunin var að stórum hluta unnin með grisjunarvél, Gremo 1050, í eigu Kristjáns Más Magnússonar og stýrt af honum og Óskari Einarssyni. En einnig grisjuðu starfsmenn á Vöglum með keðjusögum auk verktakans Benjamíns Davíðssonar sem var við grisjun í Kristnesi og á Vöglum á Þelamörk. Starfsmenn hjá S.r. á Vöglum sáu um útkeyrslu á megninu af grisjunarviðnum, aðallega með viðarvagninum og Valmet dráttarvél alls um 850 m<sup>3</sup>f. Einnig var fenginn verktaki til þess að keyra út hluta grisjunarviðarins í Vaglaskógi, um 200 m<sup>3</sup>f, en þar var um að ræða starfsmann Skógræktarfélags Eyfirðinga. Landflutningar sáu um flutninga á viði til Elkem á Grundartanga og Brynjólfur Halldór Magnússon sá um lestun með hjólagrófu á flutningabílana. Við það verk voru honum til aðstoðar starfsmenn S.r. á Vöglum. Öll þessi vinna gekk mjög vel fyrir sig.



Útkeyrsla á grisjunarvið.

Eftirtaldir reitir voru grisjaðir með grisjunarvél og mótorsög á árinu:

Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Vaglaskógur	130	0,50	Rauðgreni	Sumar	Hluti reits
Vaglaskógur	140	0,18	Alaskaösp	Sumar	
Vaglaskógur	142	0,76	Rússalerki	Sumar	
Vaglaskógur	218	0,95	Rússalerki	Sumar	
Vaglaskógur	228	0,40	Stafafura	Sumar	
Vaglaskógur	242	1,43	Stafafura	Sumar	
Vaglaskógur	243	0,79	Stafafura	Sumar	
Vaglaskógur	244	0,33	Stafafura	Sumar	
Vaglaskógur	245	0,30	Rauðgreni	Sumar	Hluti reits
Vaglaskógur	247	1,34	Rússalerki	Sumar	
Vaglaskógur	292	1,06	Síberíulerki	Sumar	
Vaglaskógur	310	0,66	Rauðgreni	Sumar	Hluti reits
Vaglaskógur	332	2,34	Stafafura	Sumar	
Vaglaskógur	339	0,26	Stafafura	Haust	
<b>Samtals:</b>		<b>11,3</b>			
Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Vagllir þelamörk	11	0,55	Rússalerki	Síðla vetrar	Hluti reits
Vagllir þelamörk	59	0,14	Stafafura	Síðla vetrar	Hluti reits
Vagllir þelamörk	67	0,09	Stafafura	Síðla vetrar	
Vagllir þelamörk	69	1,20	Lerki	Síðla vetrar	
Vagllir þelamörk	70	0,05	Lerki	Síðla vetrar	
Vagllir þelamörk	74	0,19	Lerki	Síðla vetrar	
Vagllir þelamörk	79	0,11	Sitkabast.	Síðla vetrar	
Vagllir þelamörk	84	0,18	Rauðgreni	Síðla vetrar	Hluti reits
<b>Samtals:</b>		<b>2,5</b>			
Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Þórðarstaðaskógur	5	0,14	Birki	Sumar	
Þórðarstaðaskógur	6	0,58	Birki	Sumar	Tekinn skermur ofan af rauðgreni
Þórðarstaðaskógur	7	0,27	Birki	Sumar	Tekinn skermur ofan af broddgreni
Þórðarstaðaskógur	83	0,76	Stafafura	Sumar	Hluti reits eftir, snjóflóð
Þórðarstaðaskógur	103	0,68	Birki	Sumar	Hluti reits eftir, snjóflóð
Þórðarstaðaskógur	104	0,42	Birki	Sumar	Hluti reits eftir, snjóflóð
Þórðarstaðaskógur	250	0,79	Birki	Sumar	Hluti reits eftir, snjóflóð
Þórðarstaðaskógur	251	1,92	Birki	Sumar	Hluti reits eftir, snjóflóð
<b>Samtals:</b>		<b>5,6</b>			
Staður	Reitur	Flatarmál í ha.	Tegund	Hvenær grisjað	Athugasemdir
Kristnes	1	0,13	Birki	Síðla vetrar	Hluti reits
Kristnes	5	0,77	Birki	Síðla vetrar	Stærsti hluti reits
Kristnes	8	0,06	Birki	Síðla vetrar	
Kristnes	12	0,19	Birki	Síðla vetrar	
<b>Samtals:</b>		<b>1,1</b>			
<b>Samtals í ha:</b>		<b>20,5</b>			
<b>Grisjað með grisjunarvél í ha.</b>		<b>11,2</b>			
<b>Grisjað vegna Elkem í ha:</b>		<b>13,7</b>			
<b>Birkiskógur grisjaður í ha.</b>		<b>6,6</b>			

## 7. Sala afurða.

### 7.1 Sala girðingarstaura

Engir girðingarstaurar voru seldir á árinu.

### 7.2 Viðarsala

Afurð	Fjöldi poka/sekkja/annað	m <sup>3</sup> f	Athugasemdir
Bolviður greni		94,0	
Bolviður fura		456,4	
Bolviður lerki		456,5	
Bolviður ösp		15,0	
Borðviður greni		0,3	
Borðviður fura		0,2	
Borðviður lerki		0,3	
Borðviður birki		0,4	
Arinviður birki um 20 kg.	5.292	211,7	
Arinviður birki í stórsekkjum	1	0,5	
Reykingaviður birki í stórsekkjum	4	2,0	
Birkiafsag í stórsekkjum	3	1,5	
Arinviður barr um 20 kg.	406	16,2	
Arinviður ösp/annað	22	0,9	
Kurl lerki	64,1	32,1	Stórsekkir
Kurl birki/annað	114	5,1	Reykingarkurl 110 lítra pokar
Spæniir/sag, undirburður	5	2,5	Stórsekkir
Plattar	836		Í stykkjatali
Lerkibök	50		Lengd í metrum
Lerkistiklur	60		Í stykkjatali
<b>Samtals</b>		<b>1.296</b>	

Þar af voru afhentir 1.012 m<sup>3</sup>f til Elkem á Grundartanga.

### 7.3 Jólatré

Taka jólatrjáa hófst í byrjun nóvember. Rauðgreni var felld í Þórðarstaðaskógi í reitum nr. 4 og 19 og Sigríðastaðaskógi í reit nr. 22. Fjallapínur og stærri tré voru felld í Vaglaskógi og var fjallapínur aðallega sóttur í reiti nr. 302 og 309. Blágreni og stafafura var sótt í Vagli á Þelamörk í reiti nr. 213, 219, 240 og 242. Fjallapinsgreinar voru teknar í Fellsskógi.

#### Felld tré

	Blágreni	Fjallapínur	Rauðgreni	Stafafura	Samtals
Sigríðarstaðaskógur			49	13	62
Vaglaskógur		15	2		17
Vagllir á Þelamörk	49				49
Þórðarstaðaskógur			85		85
<b>Samtals:</b>	<b>49</b>	<b>15</b>	<b>136</b>	<b>13</b>	<b>213</b>



## Seld tré

Stærð	Blágreini	Fjallapínur	Rauðgreini	Stafafura	Samtals
70-100			7		7
101-125	6	3	30		39
126-150	12	3	42	4	61
151-175	10	3	34	5	52
176-200	14	1	11	1	27
201-250	6		8	2	16
301-400		1	1		2
401-500			1		1
701-800			1		1
Samtals:	48	11	135	12	206

## 7.4 Önnur sala

Seldir voru um 7.000 plöntubakkar sem höfðu verið notaðir til skógarplönturæktunar í gróðrarstöðinni á Vöglum á árum áður. Kaupendur voru gróðrarstöðvarnar Mörk og Nátthagi. Einnig voru seldar um 1.000 sáðplöntur af selju til nokkurra gróðrarstöðva.

## 8. Nýframkvæmdir

Helstu nýframkvæmdir á árinu voru þær að skipt var um mól í planinu innan og utan við Skemmuna á Vöglum. Var það þarft verk og nauðsynlegt og hafði staðið til í mörg ár. Um það verk sá Vilhjálmur Valtýsson verktaki.

## 9. Gróðursetning

Í júnímánuði voru gróðursettar á Belgsá um 54.132 plöntur af stafafuru í reiti nr. 49 til 52. Í reit nr. 52 var einnig gróðursett tilraun með stafafuru en í henni voru líka nokkur skógarfuru kvæmi. Heildarflatarmál gróðursettra reita var 16,5 hektarar. Verkið var unnið af Benjamín Erni Davíðssyni og hans samstarfsfólki í samræmi við samning Landsvirkjunnar og Skógræktar ríkisins um aðgerðir í kolefnisbindingu. Brynjar Skúlason, sérfræðingur hjá Rannsóknarstöð skógræktar á Mógilsá, sá um að setja út stafafurutilraunina.

### Yfirlit yfir gróðursetningu ársins 2014.

Tegund	Pl. aldur.	Bakkagerð	Kvæmi	Fjöldi
Stafafura	1/0	Fp-67	Carcross	52.652
Stafafura	1/0	Fp-40	Tilraun	800
Skógarfura	1/0	Fp-40	Tilraun	400
Stafafura/Skógarfura	1/0	Fp-40	Tilraun	280
			Samtals:	54.132

Samhliða gróðursetningunni var borinn áburður á allar gróðursettar plöntur. Gefin voru um 13 gr. af blákorni á plöntu, samtals um 700 kíló.



Gróðursetningarsvæði á Belgsármelum

## 10. Byggingar

Gamla viðarskýlið norðan við Svarta skúrinn var rífið í tenglum við jarðverðsskipti á plani. Farið var í lagfæringar á skógarvarðarhúsinu. Baðherbergi var endurnýjað og um leið skólþ- og frárennslislagnir. Fataskápar voru lagfærðir, parkett í stofum var tekið í gegn og flísalagt í kjallara. Einnig var sett nýtt parkett á tvö herbergi. Samtímis var húsið allt málað að innan. Um þessi verk sáu hinir ýmsu verktakar. Einnig var byrjað á því að mála Svarta skúrinn. Þá voru einnig keypt fjögur ný rúm í starfsmannahúsið á Furuvöllum.

## 11. Vélar og verkfæri

Á vormánuðum var skipt um kúplingu í Valmet dráttarvél árg. 1997 og á haustmánuðum þurfti að fara í viðgerð á girkassa á sömu vél. Reyndust þetta vera mjög kostnaðarsamar viðgerðir, sérstaklega á girkassanum. Valmet-vélin var mjög mikið notuð á árinu, sérstaklega við útkeyrslu á grisjunarviði þannig að ekki þurfti að koma á óvart að þó eitthvað gæfi sig. Í febrúar skemmdust hitaelementin í blásurunum í Fræhúsinu. Bilun varð í loka sem leiddi til þess að fraus í elementunum. Reyndist viðgerð nokkuð kostnaðarsöm.

## 12. Ýmislegt

### 12.1. Fundir, ferðalög og viðburðir.

27. janúar. Fundur á Egilsstöðum um rekstararáætlun Norðurlandsdeildar.

11. til 13 mars. Fagráðstefna Selfossi.

31. mars. Sigurður og Margrét formlega kvödd á Vöglum.

10. apríl. Grisjað undan raflínunum í Teigi í Eyjafjarðarsveit.

13. apríl. Frjóvgun í Fræhúsi.

16. Ferð á Suðurland að skoða birkisafasöfnun á Tumastöðum.

13 til 14 maí. Skoðunarferð á Fljótsdalshérað að skoða grisjunarvél.

- 25. júní. Skoðunarferð í Reykjarhól. Hitti Helgu Gunnlaugsdóttur.
- 2. júlí. Þröstur og Lárus koma í heimsókn í Vaglaskóg að skoða grisjunarvél.
- 5. júlí. Þátttaka í Skógardegi Norðurlands í Kjarnaskógi.
- 20. júlí. Skógardagur í Vaglaskógi.
- 29. til 31. ágúst. Landsfundur Skógareigenda í Varmahlíð og móttaka gesta í Reykjarhól.
- 1. október. Fundur með Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í Reykjavík. Fyrirlestur um göngustíga.
- 7. október. Heimsókn í Vaglaskóg, Jón Loftsson og Þröstur Eysteinnsson.
- 9. til 10. október. Starfsmannafundur Skógræktar ríkisins í Hótel Fljótshlíð.
- 29. október. Fundur í Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit um gerð nýtingaráætlana með Norður- og Austurlandsskógum.
- 5. nóvember. Skógarvarðafundur á Egilsstöðum.
- 18. nóvember. Skoðunarferð í Elkem.
- 25. nóvember. Söfnun á stafafurukönglum á Vöglum á Þelamörk.
- 29. nóvember. Söluferð á jólamarkað í Dimmuborgum í Mývatnssveit.
- 1. desember. Skoðaðir grisjunarreitir í Fossselsskógi fyrir Skógræktarfélag S-Þingeyinga.



Skógardagur í Vaglaskógi. Mynd: Pétur Halldórsson

Á skógardaginn í Vaglaskógi þann 20. júlí mættu vel á annað hundrað manns í blíðskaparveðri. Meginþema dagsins var að kynna grisjunarvélina sem var að vinna í Vaglaskógi þessa daga ásamt því að kynna starfsemina á Vöglum. Dagurinn heppnaðist mjög vel að mati skógarvarðar.

## 12.2. Ferðafólk

Fjöldi ferðamanna var í meðallagi þetta ár en fáar gistinætur voru skráðar í ágúst. Opnað var 31. maí og það þrátt fyrir að snjór og bleyta væri í skóginum langt fram eftir vori. Skráðar gistinætur í Vaglaskógi voru 6.553 sem skiptust þannig: Í júní 1.604. Í júlí 4.348. Í ágúst 600.

## 12.3. Annað

Fjögurraskóga hlaupið var haldið í Fnjóskadal í júlí eins og síðustu ár og var þátttaka mjög góð. Björgunarsveitin Þingey sá um framkvæmdina.

Vöglum, desember 2015,  
Rúnar Ísleifsson.